

Matsáætlun Barnaskóla Hjallastefnunnar í Hafnarfirði 2019 - 2020

Framkvæmd matsins: Helstu markmið, verkefni, kannanir, ábyrgðaraðilar og tímarammi


Markmið	Verkefni og leiðir	Mánuður	Ábyrgð
Samræmd próf Viðhalda einkunnum yfir 30 í normaldreifingu	Niðurstöður í stærðfræði teknar saman og árangur metinn. Starfsdagur notaður í að mennta kennara í fjölbreyttum leiðum til stærðfræðikennslu.	September	Skólastýrur/ deildarstjóri
Samstarf við aðra skóla Viðhalda samvinnu við aðra skóla. Samvinnan við Hjalla sé árangursrík og markviss.	Skráning og eftirfylgni framkvæmd samkvæmt áætlun sem liggur fyrir. Reglulegar heimsóknir á milli skóla í samstarfi við skólastýru Hjalla og starfsfólk.	Ágúst og mars	Stjórnendur og kjarnastjórar
Eftirfylgni með námi og kennslu af hendi stjórnenda Gátlisti Menntamálastofnunar verður hafður til hliðsjónar. Stjórnendur veita kennurum uppbyggilega endurgjöf á störfum sínum.	Stjórnendur fylgi eftir gátlistum, uppfæri þá, fylgist með kennslu og veiti kennurum skriflega endurgjöf.	Nóvember og janúar	Stjórnendur
Skólapúlsinn Kynntur ítarlega fyrir skólaráði. Ákvörðun um markmið og áherslur tekin og sett í framkvæmd.	Foreldrasamfélagið/helstu hagsmunaaðilar fundi og fái upplýsingar. Tryggt að helstu hagsmunaaðilar hafi tækifæri til að hafa áhrif	Janúar	Stjórnendur
Lestaráherslur Viðhalda þeim árangri sem náðst hefur. Niðurstöður kynntar skólaráði. Markmið: 90% nemenda ná lágmarks viðmiðum MMS að vori. Halda kynjajafnvægi í niðurstöðum.	Niðurstöður ígrundaðar með umsjónarkennara/stoðþjónustu eftir hverja fyrirloðun og brugðist við samkvæmt lestrarstefnu skólans. Forsjárfólk upplýst þar sem það á við. Kynjajafnvægi sé milli hlutfalls barna sem ná lágmarksviðmiði (5% skekkjumörk vegna smæðar skólans, 5% nemenda eru um 3-5 börn á grunnskólaaldri)	Mái	Skólastýrur/ deildarstjóri
Líðan barna Setja skólanum markmið um ásættanlega niðurstöðu Líðan nemenda metin út frá rafrænni mælingu Skólpúlsins (foreldrakönnun). Niðurstöður kynntar skólaráði.	Niðurstöður teknar saman úr skólapúlsinum, líðan barna sérstaklega skoðuð, frekari markmið ígrunduð og fundað með hagsmunaaðilum	Janúar	Stjórnendur
Mentor Námsmat í stærðfræði, íslensku og verkgreinum fari fram í Mentor ásamt kynjanámskrá/lykilhæfni viðmiðum. Foreldraviðtöl verði boðuð í gegnum Mentor. Vinna við námsmat í samfélags- og náttúrugreinum hefist. Í upphafi skólaárs verður Mentor kynnt á námkskygningu skólans.	Kennarar fá kynningu á námsmati í mentor. Fundað með kennurum og hæfniviðmið í samfélags og náttúrfræðigreinum yfirfarin í hópum. Foreldrar og kennarar fá kynningu á hæfnikorti og framsetningu hæfniviðmiða í Mentor.	Október	Skólastýrur/ deildarstjóri

Helstu niðurstöður og umbætur: Matsætlunin tekur til skólaársins **2019 – 2020**. Helstu matstæki/verkfæri sem stuðst er við eru: Niðurstöður úr Skólapúlsinum, lesfímiprófum, samræmdum prófum og námsmati og öðrum skráningum í Mentor, gátlistar, fundargerðir og ýmsar aðrar skráningar. Hér er að finna helstu niðurstöður innra matsins út frá markmiðum skólans og þá þætti sem teljast til styrkleika ásamt tækifærum til umbóta. Allar upplýsingar eru ópersónugreinanlegar.

Samræmd próf í stærðfræði

Markmiðið er að viðhalda normaldreifðum einkunnum yfir 30 (landsmeðaltal er 30).
Í súluritinu má sjá niðurstöður normaldreifðra einkunna úr samræmdu prófi í stærðfræði 4. bekk haustið 2019.

Samræmd próf haust 2019



Staðan	Sterkar	Í jafnvægi	Veikar hliðar	Aðgerðir og umbætur
Meðaltal normaldreifðra einkunna var yfir 30	Meðaltal normaldreifðra einkunna haustið 2019 var 37			Viðhalda þeim árangri sem náðst hefur með fjölbreyttum kennsluáðferðum og fjölbreyttum efniviði

Samstarf við aðra skóla

Markmiðið er að samstarfið sé markvisst og það sé skráð. Skráning og eftirfylgni var unnin í samvinnu við Leikskólann Hjalla og markviss skráning tekin til skoðunnar. Starfsfólk og fjölskyldur voru upplýst um aðlögun 5 ára barna og aðlögun yfir í 1. bekk. Samvinna við aðra skóla (nærsamfélagið) var ekki markvisst skráð en henni var fylgt eftir af stjórnendum haustið 2019. Skerpa þarf á þessum þætti og eru umbætur til skoðunnar fyrir næsta skólaár.

Staðan	Sterkar	Í jafnvægi	Veikar hliðar	Aðgerðir og umbætur
5 ára börn fluttu yfir í Barnaskólann. Áætlun var fylgt Heimsóknir í nágrannaskóla fóru fram með þeim hætti að sérkennslustýra sá um skólaskil			Samstarf við Leikskólann Hjalla hefur ávallt verið gott en bæta þarf markvissa skráningu og eftirfylgni Samstarf við aðra grunnskóla/nærsamfélagið hefur verið óformlegt en heimsóknir hafa tíðkast sem mikilvægt er að skrá frekar	Upplýsa kjarnastjóra um áætlun, fá þeirra viðhorf fram og tryggja eftirfylgni

Endurgjöf stjórnenda

Markmiðið er að stjórnendur veiti kennurum uppbyggilega endurgjöf á störfum sínum. Skráning og endurgjöf í kjölfar áhorfs hefur ekki verið með markvissum hætti. Endurgjöf hefur verið óformleg og því var gátlisti sem fangar hjallísk gildi og kennslufræðilega þætti útbúinn af stjórnendum.

Staðan	Sterkar	Í jafnvægi	Veikar hliðar	Aðgerðir og umbætur
Gátlistar aðlagðir að hjallískri hugmyndafræði Skólastýrur framkvæmdu áhorf sem var óskráð og óformlegt	Litlir hópar og stjórnendur í góðri tengingu við kennsluhætti sem fara fram inn á kjörnum		Áhorf ómarkvisst/án gátlista en endurgjöf veitt jafn óðum	Fara yfir gátlistann og aðlaga að hjallískum vinnubrögðum Hafa listann tilbúinn fyrir vorið 2020 Skrá markvisst og veita endurgjöf í starfsfólksviðtali

Skólapúlsinn og niðurstöður

Markmiðið er að kynna niðurstöður ítarlega fyrir skólaráði og taka ákvarðanir um markmið og áherslur – í framhaldi setja í framkvæmd. Niðurstöður voru kynntar í tölvupósti með óformlegum hætti. Einnig eru þær aðgengilegar á heimasíðu skólans. Haustið 2019 fundaði skólaráð/hagsmunaaðilar og skoðuðu sérstaklega þá þætti sem þóttu/þykja skilgreina þá stefnu sem skólinn stendur fyrir. Niðurstaðan var sú að ástæða þótti til að skoða vel þá þætti sem mæla líðan barna. Í framhaldi yrðu enn frekari markmið sett.

Staðan	Sterkar	Í jafnvægi	Veikar hliðar	Aðgerðir og umbætur
Skólaráð fundaði og ígrundaði vel niðurstöður (haustið 2019) Ákvarðanir um markmið og áherslur voru lagðar til grundvallar fyrir komandi skólaár		Frekari aðgerðir og markmið borin undir ráðið og ákvarðanir teknar með framhaldið		Viðhalda fundum með skólaráði þar sem helstu hagsmunaaðilar sitja Ígrunda frekar með starfsfólki

Lestur

Markmiðið er að 90% barna (stúlkur og drengir) nái lágmarks viðmiðum MMS að vori. Auk þess að það sé kynjajafnvægi í niðurstöðum (skekkiþörk upp á 5% vegna smæðar skólans, 5% nemenda eru um 3-5 börn á grunnskólaaldri) og áherslur og niðurstöður séu kynntar fyrir skólaráði.

Staðan	Sterkar	Í jafnvægi	Veikar hliðar	Aðgerðir og umbætur
Fyrirlögn fór fram á tilsettum tíma	90% barna náðu lágmarksviðmiði MMS að vori	Aðgerðaáætlun fylgt eftir af stjórnendum og starfsfólki samkvæmt lestarstefnu skólans	87,5% drengja náðu lágmarksviðmiði MMS að vori	Rýna enn frekar í niðurstöður hjá drengjum og skoða vel hvað veldur því meðaltalið nær ekki 90% viðmiðinu
Markmiðum að mestu náð	90% stúlkna náðu lágmarksviðmiði MMS að vori			Skerpa enn frekar á fjölbreyttum aðferðum í lestri
Starfsfólk og fjölskyldur upplýst um niðurstöður í beinu framhaldi	Kynjajafnvægi á milli hlutfalls stúlkna og drengja (munur upp á 4,6% er innan 5% skekkjumarka)			Fara vel yfir íhlutun og fylgja eftir hjá börnum sem eru undir lágmarksviðmiði
Íhlutun og inngrip rædd þar sem við á	Lestraráherslur kynntar fyrir skólaráði			

Líðan nemenda

Markmið er að meta líðan út frá rafrænni mælingu Skólþúlsins (foreldrakönnun) og kynna niðurstöður fyrir skólaráði. Skólþúlsinn var lagður fyrir, hagsmunaaðilar rýndu sérstaklega í alla kafla er varða líðan barna og þá sérstaklega kafla 2.1 – 2.4. Ákveðið var að setja markmið í þessum fjórum þáttum – að vera yfir landsmeðaltali og frekari tölur verða ræddar á næsta fundi.

- 2.1. Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur
- 2.2. Ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda
- 2.3. Líðan nemenda í skólanum að mati foreldra almennt
- 2.4. Líðan nemenda í kennslustundum að mati foreldra almennt

Staðan	Sterkar	Í jafnvægi	Veikar hliðar	Aðgerðir og umbætur
Fyrirlögn fór fram í byrjun febrúar	Líðan barna er vel yfir landsmeðaltali			Viðhalda að niðurstöður séu kynntar hagsmunaráði
Skólaráð fundaði og ígrundaði vel niðurtstöður				Ígrunda frekar með starfsfólki
Niðurstöður má finna á heimasíðu skólans				Setja skýr töluleg markmið

Mentor

Þróunarvinna á innleiðingu á námsmati í stærðfræði, íslensku og verkgreinum er hafin. Markmiðið er að matið fari fram í Mentor ásamt kynjanámskrá/lykilhæfni viðmiðum. Foreldraviðtöl verði boðuð í gegnum Mentor. Vinna við námsmat í samfélags- og náttúrugreinum hefst. Í upphafi skólaárs verður Mentor kynntur á námskynningu skólans.

Staðan	Sterkar	Í jafnvægi	Veikar hliðar	Aðgerðir og umbætur
Foreldraviðtöl voru boðuð í gegnum Mentor Námsmat í stærðfræði og íslensku fór fram í Mentor – mat samkvæmt kynjanámskrá unnið samhliða Námsmatsvinna í öðrum greinum hafin Undirbúningur fyrir kynningu haustið 2019 hafinn	Kynjanámskrár viðmið metin samhliða flestum greinum	Foreldraviðtöl og hluti námsmats skýr fyrir starfsfólki	Ábending frá foreldrafélagi: Forsjáfólk vantar frekari upplýsingar um hvernig námsmatinu er háttað Mentor	Forsjáfólk fái frekari upplýsingar/kynningu um hvernig námsmatinu er háttað Mentor

Umbótaáætlun 2019 - 2020

Samræmd próf í stærðfræði: Markmiðið var að viðhalda einkunnum yfir 30 í normaldreifingu. Niðurstöður sýna að markmiði er náð en mikilvægt er að viðhalda þeim árangri sem náðst hefur með fjölbreyttum kennsluaðferðum og efnivið sem eykur enn frekar skilning.

Samstarf við aðra skóla: Markmiðið var að skrá samstarfið með markvissari hætti og einnig að framkvæmdin yrði samkvæmt áætlun. Áætlun sem mikilvægt væri að upplýsa alla kjarnastjóra um. Samstarf við Leikskólann Hjalla hefur ávallt verið gott en bæta þarf markvissa skráningu og eftirfylgni. Samstarf við aðra grunnskóla/nærsamfélagið hefur verið óformlegt en heimsóknir hafa tíðkast sem mikilvægt er að skrá frekar. Þörf er á umbótum í formi upplýsinga/áætlunar til kjarnastjóra þar sem þeirra viðhorf kemur fram og eftirfylgni er tryggð.

Endurgjöf stjórnenda: Markmiðið var að stjórnendur myndu veita kennurum uppbyggilega endurgjöf á störf þeirra á markvissan hátt. Skráning og endurgjöf í kjölfar áhorfs hefur ekki verið með markvissum hætti. Endurgjöf hefur verið óformleg og því var gátlisti sem fangar hjallísk gildi auk kennslufræðilegra þátta útbúinn af stjórnendum. Umbætur í formi yfirferðar á gátlista og aðlaga hann að hjallískum vinnubrögðum eru mikilvægar. Einnig þarf hann að vera tilbúinn fyrir vorið 2020 til þess að hægt sé að skrá markvissst og veita endurgjöf í starfsfólksviðtali.

Skólapúlsinn og niðurstöður: Markmiðið var að kynna niðurstöður ítarlega fyrir skólaráði og taka ákvarðanir um markmið og áherslur. Niðurstöður voru kynntar í tölvupósti með óformlegum hætti. Einnig eru þær aðgengilegar á heimasíðu skólans. Það liggur fyrir að haustið 2019 fundaði skólaráð/hagsmunaaðilar og skoðuðu sérstaklega þá þætti sem þóttu/þykja skilgreina þá stefnu sem skólinn stendur fyrir. Niðurstöðan var sú að ástæða þótti til að rýna í þá þætti sem mæla líðan barna. Í framhaldi yrðu enn frekari markmið sett. Umbætur í formi reglulegra funda með skólaráði þar sem helstu hagsmunaaðilar meta niðurstöður eru mikilvægar. Þá er einnig mikilvægt að ígrunda frekar með starfsfólki og hafa niðurstöður enn skýrari fyrir skólaráði.

Lestur: Markmiðið var að viðhalda þeim árangri sem hefur náðst við skólann að 90% barna nái lágmarksviðmiðum MMS að vori og halda kynjajafnvægi í niðurstöðum. Einnig að niðurstöður séu kynntar fyrir skólaráði. Það liggur fyrir að 87,5% drengja náðu lágmarksviðmiði MMS að vori. Því eru umbætur í formi þess að rýna enn frekar í niðurstöður hjá drengjum og skoða vel hvað veldur því meðaltalið nær ekki 90% viðmiðinu nauðsynlegar. Einnig er mikilvægt skerpa enn frekar á fjölbreyttum aðferðum í lestri, fara vel yfir íhlutun og fylgja eftir hjá börnum sem eru undir lágmarksviðmiði. Yfir 90% stúlkna náðu lágmarksviðmiði.

Líðan barna: Markmiðið var að meta líðan út frá rafrænni mælingu Skólpúlsins (foreldrakönnun) og að kynna niðurstöður fyrir skólaráði. Það liggur fyrir að skólapúlsinn var lagður fyrir, hagsmunaaðilar rýndu sérstaklega í alla kafla er varða líðan barna og þá sérstaklega í kafla 2.1 – 2.4. Ákveðið var að setja markmið í þessum fjórum þáttum – að vera yfir landsmeðaltali og frekari tölur yrðu ræddar á næsta fundi. Umbætur sem felast í því að viðhalda því að niðurstöður séu kynntar hagsmunaaðilum eru mikilvægar auk þess að skýr töluleg markmið séu ákveðin. Einnig að þær séu ígrundaðar frekar með starfsfólki.

Mentor: Markmiðið var að hefja og kynna (fyrir kennurum og fjölskyldum) innleiðingu á námsmati í Mentor í stærðfræði, íslensku og verkgreinum. Einnig að matið fari fram í Mentor ásamt kynjanámskrá/lykilhæfnimarkmiðum og að foreldraviðtöl verði boðuð í gegnum Mentor. Það liggur fyrir að vinna við námsmat í samfélags- og náttúrugreinum hófst á þessu skólaári og í upphafi þess næsta er stefnt að kynningu á Mentor fyrir foreldra/forsjáraðila. Námsmatið í þessum

greinum sem og öðrum þarfnast umbóta og frekari skoðunar samhliða nýrri námskrá. Kynning fyrir forsjáraðila er mikilvæg og verða umbætur þess efnis settar í forgang. Forsjáfólk vantar frekari upplýsingar um hvernig námsmatinu er háttað.